

# Gjaldskrá í Grunnskóla Snæfellsbæjar 2018

## 1. Skólabær:

Boðið er upp á vistun fyrir börn í 1. – 4. bekk á Hellissandi eftir að skóla lýkur kl. 13:40. Börn eru skráð inn í Skólabæ og eru þar í umsjón starfsfólks uns þau eru skráð út við brottför.

Skólabær er opinn alla daga sem grunnskólinn starfar skv. skóladagatali. Hann er ekki opinn í vetrarfríum. Starfsemin hefst á skólasetningardegi og lýkur á skólaslitadegi.

***Grunngjald fyrir hverja klukkustund er kr. 290.-***

Greitt er fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur og greitt er fyrir alla tíma skv. gjaldskrá. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari lengur en eina viku samfellt. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari t.d. í íþróttatíma eða tónlistartíma á dvalartíma Skólabæjar.

### ***Afsláttur af dvalargjaldi:***

Einstæðir foreldrar	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn	100 %

Öllum börnum í Skólabæ er boðið upp á síðdegishressingu gegn greiðslu.

***Einingargjald fyrir síðdegishressingu í Skólabæ er kr. 145.-***

## 2. Matur í mötuneyti

Heitur matur er í boði, gegn greiðslu, frá mötuneyti Grunnskóla Snæfellsbæjar alla skóladaga skv. skóladagatali. Ekki er í boði að kaupa stakar máltíðir, heldur skrá foreldrar börn sín í áskrift í byrjun skólaárs.

***Mánaðaráskrift fyrir hádegisverð er kr. 8.175.-***

Í 1. – 4. bekk er jafnframt boðið upp á morgunverð gegn greiðslu. Það sama á við um morgunverð og hádegisverð að ekki er í boði að kaupa stakar máltíðir, heldur eru börn skráð í áskrift í byrjun skólaárs.

***Mánaðaráskrift fyrir morgunverð/hafragraut er kr. 640.-***

***Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum.***

**Ef foreldrar óska eftir að segja upp mataráskrift barna sinna, þá skal gera það skriflega fyrir 20. hvers mánaðar. Ef uppsögn hefur ekki borist fyrir þann 20. þá er litið svo á að barnið sé í áskrift mánuðinn á eftir.**